# Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

# 2021

Knattspyrnusamband Íslands
Laugardalsvelli
104 Reykjavík
kt. 700169-3679

# Knattspyrnusamband Íslands

## Ársreikningur samstæðu

# 2021

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 2-3 |
| Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-13 |
| Sundurliðanir | 14-16 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnusambandi Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar**
Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands að undandskildum samstæðuársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 18. febrúar 2022

**Deloitte ehf.**

Birna María Sigurðardóttir
Birna María Sigurðardóttir,
endurskoðandi

Kristján Þ Ragnarsson
Kristján Þór Ragnarsson,
endurskoðandi

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu á skrifstofu voru 18.

Tap samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2021 nam um 24,4 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.391,8 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 709,3 m.kr. Stjórn félagsins vísar í ársreikningin um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. febrúar 2022

**Stjórn og framkvæmdastjóri**

Vanda Sigurgeirsdóttir
formaður

Borghildur Sigurðardóttir
varaformaður

Valgeir Sigurðsson
varaformaður

Klara Bjartmarz
framkvæmdastjóri

Aðrir stjórnarmenn:

# Rekstrarreikningur ársins 2021

| | Skýr. | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|---|
| Styrkir og framlög | | 1.085.704.618 | 1.104.653.109 | 1.214.989.818 |
| Tekjur af landsleikjum | | 110.920.029 | 148.090.000 | 25.909.950 |
| Sjónvarpsréttur | | 303.376.219 | 311.800.000 | 295.174.263 |
| Aðrar tekjur | | 69.167.950 | 67.303.500 | 48.015.386 |
| Rekstrartekjur Laugardalsvallar | 12 | 61.824.858 | 62.000.000 | 104.521.234 |
| | | 1.630.993.674 | 1.693.846.609 | 1.688.610.651 |
| Kostnaður við landslið | | (741.532.474) | (754.227.977) | (626.833.182) |
| Mótakostnaður | | (213.815.730) | (221.390.740) | (177.965.989) |
| Fræðslukostnaður | | (62.916.671) | (67.235.006) | (40.268.451) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (320.531.237) | (304.347.114) | (311.859.256) |
| Húsnæðiskostnaður | | (27.189.850) | (27.300.000) | (23.696.583) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (3.298.127) | (5.000.000) | (4.532.733) |
| Rekstrargjöld Laugardalsvallar | 12 | (90.991.537) | (97.280.000) | (67.221.718) |
| Umspilsaðgerð | | 0 | 0 | (42.102.431) |
| Afskriftir fastafjármuna | 6 | (45.313.688) | (43.000.000) | (43.012.829) |
| | | (1.505.589.314) | (1.519.780.837) | (1.337.493.172) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 125.404.360 | 174.065.772 | 351.117.479 |
| Styrkir vegna mannvirkjasjóðs | | 24.950.000 | 30.000.000 | 32.150.000 |
| Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs | | (24.950.000) | (30.000.000) | (32.150.000) |
| Fjármunatekjur | 4 | 4.419.293 | 12.000.000 | 10.836.235 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (2.722.880) | (3.700.000) | (3.437.620) |
| Gengismunur | | (6.721.059) | 0 | 21.056.983 |
| **Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga** | | 120.379.714 | 182.365.772 | 379.573.077 |
| Ráðstöfun til aðildarfélaga | 14 | (144.773.369) | (145.753.005) | (341.838.639) |
| **(Tap)/Hagnaður ársins** | | (24.393.655) | 36.612.767 | 37.734.438 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 354.877.509 | 324.515.514 |
| Eignarhlutar í félögum | | 882.352 | 882.352 |
| | | 355.759.861 | 325.397.866 |
| **Veltufjármunir** | 7 | | |
| Viðskiptakröfur | | 364.403.130 | 219.443.807 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.187.679 | 0 |
| Handbært fé | | 669.497.760 | 551.975.482 |
| | | 1.036.088.569 | 771.419.289 |
| **Eignir** | | 1.391.848.430 | 1.096.817.155 |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 709.326.413 | 733.720.068 |
| Eigið fé | | 709.326.413 | 733.720.068 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 9 | 0 | 6.149.933 |
| | | 0 | 6.149.933 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 9 | 344.235.805 | 177.594.881 |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 211.186.848 | 87.661.256 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10 | 127.099.364 | 91.691.017 |
| | | 682.522.017 | 356.947.154 |
| Skuldir | | 682.522.017 | 363.097.087 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 1.391.848.430 | 1.096.817.155 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 125.404.360 | 351.117.479 |
| Afskriftir | 6 | 45.313.688 | 43.012.829 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | (100.000) | (350.000) |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 170.618.048 | 393.780.308 |
| Rekstrartengdar eignir, (hækkun) lækkun | | (147.147.002) | 47.116.430 |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) | | 319.424.930 | (333.467.352) |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 342.895.976 | 107.429.386 |
| Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur | | (2.301.766) | 31.893.218 |
| Greidd vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | 5 | (2.722.880) | (3.437.620) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 337.871.330 | 135.884.984 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | (75.575.683) | (22.086.066) |
| Keyptir eignarhlutar | | 0 | (844.852) |
| | | (75.575.683) | (22.930.918) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ráðstöfun til aðildarfélaga | 14 | (144.773.369) | (341.838.639) |
| | | (144.773.369) | (341.838.639) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | 117.522.278 | (228.884.573) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 551.975.482 | 780.860.055 |
| Handbært fé í lok árs | | 669.497.760 | 551.975.482 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ. Sjá nánar skýringu 11.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | 2020 | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
| Evra (EUR) | 150,19 | 154,52 | 147,60 | 156,10 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 127,05 | 135,27 | 130,38 | 127,21 |

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Laun | 180.557.876 | 173.133.646 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 23.929.733 | 21.108.128 |
| Önnur launatengd gjöld | 25.605.372 | 18.272.277 |
| | 230.092.981 | 212.514.051 |

Laun og bifreiðastyrkur til núverandi formanns námu um 4,4 m.kr., til framkvæmdastjóra um 16,2 m.kr. og laun og launauppgjör við fyrrverandi formann um 18,6 m.kr.

| | | |
|---|---|---|
| Ársverk að meðaltali | 18 | 17 |

## 4. Fjármunatekjur

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 4.419.293 | 10.836.235 |
| | 4.419.293 | 10.836.235 |

## 5. Fjármagnsgjöld

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur af vöxtum | (964.876) | (2.361.929) |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | (1.758.004) | (1.075.691) |
| | (2.722.880) | (3.437.620) |

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Skrifstofur og fræðslusetur | Bifreiðar | Áhöld, tæki og innréttingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 282.594.038 | 6.534.945 | 327.966.890 | 617.095.873 |
| Eignfært á árinu | 0 | 0 | 75.675.683 | 75.675.683 |
| Staða í árslok | 282.594.038 | 6.534.945 | 403.642.573 | 692.771.556 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 55.353.777 | 5.869.207 | 231.357.375 | 292.580.359 |
| Afskrift ársins | 2.609.884 | 0 | 42.703.801 | 45.313.685 |
| Staða í árslok | 57.963.661 | 5.869.207 | 274.061.176 | 337.894.044 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 227.240.261 | 665.738 | 96.609.515 | 324.515.514 |
| Bókfært verð í árslok | 224.630.377 | 665.738 | 129.581.397 | 354.877.509 |
| Afskriftarhlutföll | 1% | 20% | 0-35% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat |
|---|---|---|
| Skrifstofur og fræðslusetur | 316.150.000 | 662.150.000 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 96.829.259 | 92.438.227 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 267.573.871 | 130.505.580 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | 0 | (3.500.000) |
| | 364.403.130 | 219.443.807 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.100.732 | 0 |
| Aðrar kröfur | 1.086.947 | 0 |
| | 2.187.679 | 0 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 657.652.934 | 508.754.138 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 10.279.162 | 41.628.252 |
| Sjóður | 1.565.664 | 1.593.092 |
| | 669.497.760 | 551.975.482 |

## 8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

| | Fjárhæð |
|---|---|
| Staða 1.1.2020 | 695.985.632 |
| Hagnaður ársins 2020 | 37.734.438 |
| Staða 1.1.2021 | 733.720.068 |
| Tap ársins 2021 | (24.393.655) |
| | 709.326.413 |

## 9. Fyrirframinnheimtar tekjur

**Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiðslur vegna sölu á sjónvarpsrétti og öðrum réttindum | 0 | 5.000.000 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA/FIFA | 344.235.805 | 178.744.814 |
| Tekjur 2022/2021 vegna sjónvarpsréttar og UEFA/FIFA framlaga | (344.235.805) | (177.594.881) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímahluti í árslok | 0 | 6.149.933 |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 209.650.775 | 86.559.822 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 1.536.073 | 1.101.434 |
| | 211.186.848 | 87.661.256 |

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 123.651.320 | 88.436.354 |
| Aðrar skuldir | 3.448.044 | 3.254.663 |
| | 127.099.364 | 91.691.017 |

## 11. Gjaldmiðlaáhætta

KSÍ býr við gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig:

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 267.573.871 | 130.505.580 |
| Bankainnstæður | 10.279.162 | 41.628.252 |
| Viðskiptaskuldir | (1.536.073) | (1.101.434) |
| | 276.316.960 | 171.032.398 |

## 12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| Framlög og styrkir | 57.000.000 | 57.000.000 | 57.000.000 |
| Tekjur af leikjum | 30.750.000 | 16.500.000 | 9.000.000 |
| Tekjur vegna umspilskostnaðar | 0 | 0 | 42.102.431 |
| Aðrar tekjur | 2.074.858 | 2.000.000 | 5.521.234 |
| | | | |
| Laun og tengd gjöld | (31.291.240) | (32.750.000) | (27.642.872) |
| Rekstur mannvirkja | (36.849.878) | (38.970.000) | (28.862.893) |
| Annar rekstrarkostnaður | (22.850.419) | (18.260.000) | (10.715.953) |
| Kostnaður vegna umspils | 0 | 0 | (42.102.431) |
| Afskriftir | (5.252.387) | (3.300.000) | (3.278.034) |
| | | | |
| Fjármunatekjur | 31.428 | 0 | 31.112 |
| Fjármagnsgjöld | (29.786) | 0 | (41.253) |
| | | | |
| Viðbótarframlag KSÍ | 0 | 0 | 42.000.000 |
| Viðbótarframlag Reykjavíkurborgar | 0 | 0 | 42.000.000 |
| | | | |
| (Tap)/Hagnaður ársins | (6.417.424) | (17.780.000) | 85.011.341 |

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 10,8 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 4,4 m.kr.

# Skýringar

## 13. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

Knattspyrnusamband Íslands, fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Framlag Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins á árinu 2021 nam 57 m.kr.

## 14. Ráðstöfun til aðildarfélaga

Alls var um 144,7 m.kr. úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 145,7 m.kr. KSÍ greiddi 57,5 m.kr. til aðildarfélaga (annarra en þeirra sem léku í Pepsi Max deild karla) vegna barna- og unglingastarfs, en félögin í Pepsi Max deild karla fengu sambærilegt framlag frá UEFA að upphæð 87 m.kr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 41,1 m.kr. og ferðaþátttökugjald, verðlaunafé, upptöku- og tæknibúnað að fjárhæð 46,2 m.kr. á árinu.
Auk þess tók KSÍ yfir þátttökugjöld félaga upp á 10,8 m.kr. sem og hlut félaganna í ferðaþátttökugjaldi um 8 m.kr.

## 15. Samstarfssamningur við ÍTF

KSÍ og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deildum) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2016. Í yfirlýsingunni sem gildir frá 2016-2021, felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 140 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2017 og hækki um 10 m.kr. hvert ár eftir það út samningstímann.

## 16. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum og framkvæmdastjóra þann 18. febrúar 2022.

# Sundurliðanir

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| **Styrkir og framlög** | | | |
| ÍSÍ | 48.415.912 | 35.000.000 | 40.999.981 |
| Íslenskar getraunir | 11.564.224 | 7.900.000 | 7.829.011 |
| UEFA | 549.083.121 | 609.403.109 | 757.937.377 |
| FIFA | 315.685.000 | 317.500.000 | 320.472.500 |
| Ýmsir styrkir | 160.956.361 | 134.850.000 | 87.750.949 |
| | 1.085.704.618 | 1.104.653.109 | 1.214.989.818 |

## Aðrar tekjur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fræðslutekjur | 25.833.000 | 27.253.500 | 18.423.336 |
| Mótatekjur | 13.979.800 | 10.600.000 | 23.860.150 |
| Erlendar leyfistekjur | 6.755.150 | 6.950.000 | 5.372.900 |
| Söluhagnaður | 100.000 | 0 | 359.000 |
| Aðrar tekjur | 22.500.000 | 22.500.000 | 0 |
| | 69.167.950 | 67.303.500 | 48.015.386 |

## Kostnaður við landslið

### A-landslið karla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ferðakostnaður | 161.522.877 | 152.530.500 | 152.618.798 |
| Laun og verktakagreiðslur | 124.512.117 | 148.293.700 | 102.605.273 |
| Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. | 61.642.433 | 51.300.000 | 39.306.670 |
| | 347.677.427 | 352.124.200 | 294.530.741 |

### U-21 landslið karla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ferðakostnaður | 42.344.234 | 44.782.070 | 28.588.213 |
| Laun og verktakagreiðslur | 15.833.127 | 12.042.950 | 17.704.882 |
| Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. | 12.524.417 | 7.900.000 | 11.849.296 |
| | 70.701.778 | 64.725.020 | 58.142.391 |

### U-19 landslið karla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ferðakostnaður | 12.202.683 | 20.240.700 | 605.170 |
| Laun og verktakagreiðslur | 13.589.055 | 13.713.375 | 11.456.221 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 4.000.652 | 4.325.998 | 218.646 |
| | 29.792.390 | 38.280.073 | 12.280.037 |

### U-17 landslið karla

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ferðakostnaður | 12.144.607 | 20.367.200 | 4.111.491 |
| Laun og verktakagreiðslur | 11.267.634 | 13.583.375 | 12.500.222 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 4.310.554 | 3.970.332 | 1.329.378 |
| | 27.722.795 | 37.920.907 | 17.941.091 |

### A-landslið kvenna

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ferðakostnaður | 67.457.200 | 55.789.000 | 65.490.021 |
| Laun og verktakagreiðslur | 57.191.429 | 58.925.000 | 52.354.320 |
| Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl. | 36.958.541 | 18.400.000 | 12.948.032 |
| | 161.607.170 | 133.114.000 | 130.792.373 |

# Sundurliðanir

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| **U-23 landslið kvenna** | | | |
| Ferðakostnaður | 0 | 3.339.500 | 0 |
| Laun og verktakagreiðslur | 0 | 1.435.000 | 0 |
| | 0 | 4.774.500 | 0 |
| **U-19 landslið kvenna** | | | |
| Ferðakostnaður | 6.135.753 | 15.419.000 | 6.775.222 |
| Laun og verktakagreiðslur | 10.747.357 | 14.548.094 | 11.688.379 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 3.062.981 | 3.108.036 | 1.143.521 |
| | 19.946.091 | 33.075.130 | 19.607.122 |
| **U-17 landslið kvenna** | | | |
| Ferðakostnaður | 14.384.118 | 14.464.600 | 2.463.919 |
| Laun og verktakagreiðslur | 7.957.819 | 14.323.094 | 12.184.087 |
| Æfingar, búnaður og sjúkravörur | 3.781.697 | 3.101.178 | 612.055 |
| | 26.123.634 | 31.888.872 | 15.260.061 |
| **Hæfileikamótun** | 27.206.139 | 26.387.275 | 22.797.351 |
| **Sameiginlegur landsliðskostnaður** | 30.755.050 | 31.938.000 | 55.482.015 |
| **Kostnaður við landslið** | 741.532.474 | 754.227.977 | 626.833.182 |

## Mótakostnaður

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| Dómaralaun og launatengd gjöld | 143.897.586 | 145.930.540 | 111.391.786 |
| Ferðakostnaður dómara | 16.723.493 | 20.600.000 | 17.935.501 |
| Annar dómarakostnaður | 15.545.941 | 13.905.000 | 13.561.290 |
| Evrópukeppni félagsliða | 9.228.243 | 5.000.000 | 2.080.438 |
| Markaðs- og auglýsingakostnaður | 8.422.744 | 13.955.200 | 5.240.250 |
| Annar mótakostnaður | 19.997.723 | 22.000.000 | 27.756.724 |
| | 213.815.730 | 221.390.740 | 177.965.989 |

## Fræðslukostnaður

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| Laun og verktakakostnaður | 42.128.950 | 38.811.006 | 32.784.338 |
| Landshlutaverkefni | 1.506.134 | 5.000.000 | 585.337 |
| Námskeið og kennslugögn | 19.281.587 | 23.424.000 | 6.898.776 |
| | 62.916.671 | 67.235.006 | 40.268.451 |

# Sundurliðanir

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|

## Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 226.125.171 | 232.388.482 | 211.059.963 |
| Annar starfsmannakostnaður | 3.967.810 | 2.500.000 | 1.454.088 |
| Sími, internet, pappír, prentun og ritföng | 5.157.055 | 6.055.428 | 5.831.446 |
| Rekstrarkostnaður tölva og tækja | 24.867.075 | 22.647.204 | 49.927.879 |
| Aðkeypt sérfræðiaðstoð | 37.150.328 | 14.000.000 | 18.061.851 |
| Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis | 9.223.468 | 9.000.000 | 6.412.089 |
| Ársþing | 7.087.521 | 4.500.000 | 8.959.674 |
| Styrkir, framlög og gjafir | 4.467.210 | 4.000.000 | 4.021.348 |
| Kostnaður vegna Þjóðarleikvangs | 0 | 7.000.000 | 4.709.425 |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 2.485.599 | 2.256.000 | 1.421.493 |
| | 320.531.237 | 304.347.114 | 311.859.256 |

## Húsnæðiskostnaður

| | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|
| Tryggingar | 940.337 | 800.000 | 782.296 |
| Húsnæðiskostnaður | 26.249.513 | 26.500.000 | 22.914.287 |
| | 27.189.850 | 27.300.000 | 23.696.583 |